

Efni: Athugasemdir efnahags- og viðskiptaráðuneytisins við frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins

Viðtakandi: Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

22. október 2009

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið vill taka undir þær athugasemdir sem Samkeppniseftirlitið hefur gert við frumvarpið, sérstaklega með tilliti til þeirra ákvæða 2. gr er varða heimild aðila til að móta samræmdar verklagsreglur og vísast þar til röksemda Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt hefur eftirlitið gert athugasemdir við ákvæði 3. gr. sem varða eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að samkeppnissjónarmiða sé gætt og tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið Samkeppniseftirlitsins.

Ráðuneytið vill einnig vísa til athugasemda sem Fjármálaeftirlitið hefur sett fram um það hlutverk sem því er ætlað skv. frumvarpinu og tekur undir sjónarmið þess.

Ráðuneytið vill einnig gera athugasemdir við þær tvær nýju greinar frumvarpsins sem fram komu í dag fimmtudag 22. október og varða eftirlit með sértækum aðgerðum. Telur ráðuneytið að þessi ákvæði þarfnist frekari umræðu, m.a. með tilliti til þess hvernig hlutverk eftirlitsnefndar með framkvæmd sértækra aðgerða skarast við núverandi hlutverk úrskurðarnefndar um viðskipti fjármálafyrirtækja. Jafnframt væri unnt að endurskoða samþykktir úrskurðarnefndarinnar þannig að henni yrði ætlað aukið hlutverk við að fylgjast með og kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgi reglum sem settar er á grundvelli 2. gr. frumvarpsins. Brýnt er einnig að skoða hvernig farið yrði með mál er varða slíkt eftirlit ef grunur vaknar um að reglum sé ekki framfylgt, en það er ekki ljóst af lestri frumvarpsins. Loks vill ráðuneytið áréttta að eðlilegt er að ef ætlunin er að skipa slíka eftirlitsnefnd þá sé hún skipuð af efnahags- og viðskiptaráðherra, vegna þess að eftirlit með fjármálamarkaði fellur undir valdsvið ráðuneytisins.

Að endingu vill ráðuneytið benda á að í athugasemdum við frumvarpið, á bls. 4, kemur fram að nýju bankarnir eigi að „taka mið af þeim varúðarfærslum eða niðurfærslum sem gerðar hafa verið við flutning útlána til nýju bankanna...þá er mikilvægt að færa niður skuldir að því sem raunhæft hefur verið talið í mati á efnahag nýju bankanna.“ Rík ástæða er fyrir nefndina að áréttta það í nefndaráli að með lögunum er ætlunin að kröfueigendur setji sér reglur um skuldbreytingar þar sem meðferð einstakra mála taki fyrst og fremst tillit til mats á stöðu skuldarans. Hinsvegar sé það ekki ætlun löggjafans að mynda almennan rétt skuldara til skuldaniðurfellingar eða að búa til viðmið sem leiði til almennrar kröfu um skuldaniðurfellingu án tillits til aðstæðna einstakra skuldara. Hætta er á því að tilvísun til þess að afskriftir eða eftirgjöf hafi átt sér stað þegar lánasöfn voru færð frá gömlu bönkunum til þeirra nýju valdi misskilningi.

Ráðuneytið vill einnig áréttta að málið hefur verið unnið með miklum hraði og litlum fyrirvara sem gerir það erfitt að koma athugasemdum á framfæri tímanlega og þannig að umræða um þær geti átt sér stað.